


Líknarfélagið Von
André Bachmann Sigurðsson
Hábergi 20
111 Reykjavík

 Hafnarfjarðarbær
Innk: 5/10 2017
Málsnr: 1710073
Bréfál: 105



Ráðhús Hafnarfjarðar
Haraldur L. Haraldsson bæjarstjóri
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 4. október 2017

Í meira en þrjá áratugi hef ég staðið fyrir jólahátíð fyrir fatlaða í fyrri hluta desembermánaðar ár hvert. Í ár verður þrítugasta og fimmta jólahátíð haldin þann 7. desember nk. á Hótel Hilton í Reykjavík. Þessar samkomur hafa unnið sér sess í samfélaginu sem ómissandi þáttur í undirbúningi á jólahaldi fyrir fatlaða.

Á þessum samkomum koma fram margir af fremstu söngvurum, tónlistarmönnum og skemmtikröftum landsins. Allir þessir aðilar koma fram og taka þátt í þessari jólagleði án þess að taka greitt fyrir framlag sitt. Uppskera þessa hátíðarhalds hefur verið gríðarlega ánægja og gleði þessa hóps sem fer venjulega á mis við svo margt sem við teljum vera eðlilegt að allir njóti í nútímasamfélagi.

Í ár verða heiðursgestir forsetahjónin Hr. Guðni Th. Jóhannesson og frú Eliza Reid.

En þó ekki þurfi að greiða flytjendum og stjórnendum laun þá fellur iðulega til margvíslegur kostnaður, svo sem hönnun á plakati, auglýsingar, heimildamyndataka, tækjaleiga, ásamt tæknimönnum, og annar kostnaður. Af þeim ástæðum bið ég góðfúslega fyrirtæki þitt um að styrkja jólahátíðina með 150.000 til 250.000 kr. framlagi.

Reikningur jólahátíðarinnar í Íslandsbanka er:
Líknarfélagið Von: 0516 – 26 – 506611; Kt.: 506611-1700.

Með kveðju og fyrir fram þökk,

André Bachmann Sigurðsson